

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
nefndasvið@althingi.is



Reykjavík, 11. október 2018  
Tilvísun: 2018070012  
SE/EHj.  
Tilv. ykkar:

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 77. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði 27. september sl., þar sem stofnuninni var sent frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 77. mál. Í samræmi við beiðni nefndasviðs Alþingis er umsögn þessi eingöngu send rafrænt.

Vegagerðin vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið:

Lagt er til að í staðinn fyrir hugtakið „þjóðvegum“ í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins verði notað hugtakið „samgöngumannvirkjum“.

Samsvarandi breyting yrði á hugtakanotkun í athugasemdum við 8. gr. í greinargerð með frumvarpinu. Ástæða þessa er sú að við nánari athugun er hugtakið „þjóðvegir“ of þröngt. Vegagerðin er framkvæmdastofnun samgöngumála og skal annast um öll samgöngumannvirki er falla undir ábyrgðarsvið hennar lögum skv. Í dag eru þau mannvirki aðallega þjóðvegir en einnig Landeyjahöfn. Ekki er unnt að útiloka að breytingar verði þar á í framtíðinni.

Til frekari skýringar varðandi tilgang vöktunar er lagt til að í athugasemdum við 8. gr. í greinargerð með frumvarpinu bætist við ný málsgrein sem verður þá 3. mgr. og hún hljóði svo:

„Auk framangreinds má nefna rafræna vöktun sem er liður í eftirliti og öðrum ráðstöfunum til að bregðast við og afstýra hættuástandi. Ákvæði reglugerðar nr. 992/2007, um öryggi í jarðgöngum kveða á um skyldu veghaldara í ákveðnum tilvikum til að setja upp og reka eftirlitsmyndavélar og kerfi sem geta sjálfkrafa greint umferðartilvik, s.s. stöðvun ökutækja, eld o.fl. Heimild Vegagerðarinnar til rafrænnar vöktunar tekur m.a. til uppsetningar og rekstrar slíks búnaðar og sambærilegs búnaðar til eftirlits í þágu samgönguöryggis auk nauðsynlegrar vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við slíkt eftirlit.“

Virðingarfyllst,

Stefán Erlendsson, hdl., LL.M  
Forstöðumaður lögfræðideildar